

Skólaráð – fundur 24.11

Mætt: Lena Egilsdóttir, Ólöf Björnsdóttir, Agatha Alexandersdóttir, Hafsteinn Karlsson, Gerður Guðmundsdóttir, Inga María Vilhjálmsdóttir, Rafn Emilsson.

Fundargerð: Lena Egilsdóttir

Efni: Starfsáætlun og skólanámskrá Arnarskóla voru kynntar fyrir skólaráði og áherslur ræddar. Á fundinum er ekki hægt að ræða alla liði þessara áætlana og voru skjölin send á skólaráð fyrir fundinn.

Í upphafi fundar þá spyr Rafn hvort að skólaráð hafi einhverjar sérstakar spurningar um áætlanir sem óskað er eftir því að ræða. Skólaráð hefur ekki sérstakar spurningar og Rafn kynnir helstu þætti í starfsáætlun.

Helstu þættir í kynningu:

- Uppbygging á stjórnun skólans ásamt starfsmannahóp.
- Skipulag:
  - Stundatöflur
  - Karellen
    - Til að merkja nemendur inn og út
    - Skoða að vera með mentor líka
      - Foreldrar vilja mögulega frekar karellen en mentor
    - Ef skólasókn er ábótavant þá förum við eftir reglum kópavogs um skólasókn
- Lyfjagjafir
  - Fylgjum vinnureglum og lögum varðandi lyfjagjafir
- Skóladagatal
  - Sést á síðu skólans
  - Skólinn alltaf opinn á öllum virkum dögum.
- Gildi skólans
  - Sjálfstæði, gleði, fagmennska og virðing
    - Meginmarkmið skólans er að koma með fjölbreyttum hætti til móts við fötluð vörn og fjölþættar þarfir bæði í námi og leik
- Skólareglur
  - Nemendur okkar eru misjafnir svo öll brot á skólareglum er unnið í samræmi við getu og skilning nemendada
- Foreldrasamskipti
  - Það eru teymis email
  - Notum karellen fyrir skilaboð til foreldra og til að halda utan um mætingu.
    - Skoða ánægju foreldra með karellen, hvort það ætti að breyta alveg yfir. Semsagt setja samskiptadagbók inná karellen

Kennsla og námsmat

- Kynning á kennslufyrirkomulagi
  - Íþróttir
    - Erfitt vegna covid
    - Komin með sund
    - Ekki verið með hefðbundnum hætti útaf covid
    - Komnir ákveðnir hópatímr og ákveðnir einstaklingstímar með íþróttakennara

- Útivist
  - Skólalóð í uppbyggingu
- Kennsluáætlun
- Heimanámsstefna
  - Ekki skilda að læra heima í Arnarskóla
  - Hefur verið gert í samstafi við heimilið

Helstu markmið og áherslur á skólaárinu 2020-2021 kynnt

Velferð nemenda: Stoðþjónusta skólans kynnt.

Forvarnaráætlun

Forvarnir eru vítt hugtak og taka til margra þátta daglegs lífs. Áhersla er lögð á að efla félags, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda í öllu starfi skólans

- Þarf að endurskoða – fremur rýr

Markmið fræðslunnar

- Auka vellíðan nemenda
- Styrkja starfsmynd og sjálfstæði nemenda
- Efla alhliða þroska nemenda þannig að þeir styrkist í að bera ábyrgð á eigin lífi

Mat á skólastarfi: Innra mat skólans kynnt.

Umræður og athugasemdir.

Hafsteinn þakkar fyrir skjölin sem hann er búinn að rýna og tekur það fram að ekki séu neinar athugasemdir við skólanámskrá eða starfsáætlun. Inga tekur fram að hún sé ánægð með skjölin og gerir ekki athugasemdir. Óskað eftir athugasemdum frá öðrum ef einhverjar eru en engar athugasemdir gerðar og bæði starfsáætlun og skólanámskrá samþykkt. Allir hvattir til að skoða þessi skjöl áfram á næstu dögum og koma með athugasemdir ef einhverjar eru.

Gerður ræðir að í vor þegar niðurstöður innra mats voru kynntar fyrir skólaráði þá hafi verið umræða um álag á starfsfólk í skólanum og hún spyr hvernig staðan sé á því. Starfsfólk Arnarskóla svarar og segir að álag hafi verið talsvert í haust og að hluta til vegna þess að þegar verið er að skipuleggja skólastarfið í covid þá geti verið erfitt að jafna álag á milli sóttvarnarhópa t.d. þegar einhver veikindi eru í húsi. Lena tekur fram að samhliða þessu álagi hafi starfsfólk fengið daga með rúmum undirbúningstíma sem hægt sé að vinna heima sem hefur hjálpað til og minnkað álag á móti.

Fundur endar á því að óskað er aftur eftir athugasemdum við skólanámskrá og starfsáætlun, engar athugasemdir eru gerðar, skólanámskrá og starfsáætlun samþykkt og fundi slitið.